



ÍÞRÓTTABANDALAG HAFNARFJÁRDAR

Hafnarfirði 10. febrúar 2020.

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóriinn í Hafnarfirði

Efni: Forgangsröðun ÍBH í uppbyggingu íþróttamannvirkja í Hafnarfirði

Aðdragandinn að þessu bréfi er atburðarás undanfarinna vikna varðandi forgangsröðun ÍBH í uppbyggingu íþróttamannvirkja í Hafnarfirði. Síðasta þing Íþróttabandalags Hafnarfjarðar fór fram 11. maí 2019. Fyrir þingið vann allsherjarnefnd, ein af fastanefndum þingsins margra mánaða undirbúningsvinnu fyrir þingið. Á þinginu sjálfu fór fram nefndarvinna sem var framhald undirbúningsvinnunnar og að lokum var forgangsröðunin lögð fyrir þingið til atkvæðagreiðslu. Lýðræðisleg samþykkt þingsins á nýjum mannvirkjum var númer eitt reiðhöll hjá Hestamannafélaginu Sörla og númer tvö knatthús hjá Knattspyrnufélaginu Haukum. Eftir þingið var gefið út að framkvæmt yrði í samræmi við samþykktir íþróttahreyfingarinnar í Hafnarfirði. En staðan í dag er önnur, núna er búið að gera samning um verkefni númer tvö á meðan verkefni eitt bíður. Þetta hefur skapað opinberar deilur milli þessara tveggja félaga sem er miður og íþróttum í Hafnarfirði ekki til framdráttar. Mikil óánægja er meðal íþróttafélaga í Hafnarfirði með þennan framgang og hafa minni íþróttafélög áhyggjur af því að röðin komi aldrei að þeim á framkvæmdalistanum miðað við þetta verklag. Í framhaldinu er rétt að spryja hvenær verður gerður framkvæmdasamningur við verkefni eitt? Í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2020 er ekki gert ráð fyrir fjármunum í nýframkvæmdir á íþróttamannvirkjum í Hafnarfirði. Hvenær áætlar Hafnarfjarðarbær að setja fjármagn í nýframkvæmdir íþróttamannvirkja næst? Hver er stefna Hafnarfjarðarbæjar í þessum nýframkvæmdum? Tekur nýframkvæmd tvö á forgangslista íþróttahreyfingarinnar allt framkvæmdafé næstu 10 árin?

Virðingarfyllst,

Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH